

## Erindisbréf

### Starfshópur um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar.

#### Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 segir um miðbæ Hafnarfjarðar:

*„Miðbær Hafnarfjarðar er miðstöð opinberrar þjónustu í Hafnarfirði og verður efldur sem einn af helstu kjörnum verslunar, þjónustu og menningar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið skipulagsins er að í miðbæ Hafnarfjarðar sé mikið og fjölbreytt framboð verslunar og þjónustu, og þar sé líflegt mannlíf og menningarstarfsemi sem laði að bæði íbúa og ferðamenn. Því aðeins má staðsetja opinbera þjónustu (aðra en hverfaþjónustu) utan miðbæjarins að sýnt sé fram á að ekki sé unnt að mæta þörfum fyrir húsnæði eða svæði fyrir hana í miðbænum. Áhersla er lögð á sérvöruverslanir auk veitinga- og kaffihúsa sem laða að jafnt heimamenn sem gesti. Allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu en stefnt skal að aukinni íbúðabyggingu í miðbænum, m.a. á efri hæðum húsa við Strandgötuna.“*

Núgildandi deiliskipulag miðbæjarins er frá 2001. Miklar samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað síðan þá. Fyrir liggja þrjár hugmyndir að mögulegri þróun miðbæjarins frá 2018. Fyrir liggur úttekt á þeim þremur tillögum hvað útfærslur og hugmyndir varðar og samanburður við gildandi deiliskipulag frá 2001. Einnig liggur fyrir húsakönnun svæðisins gerð í samráði við Minjastofnun Íslands og Bygðasafn Hafnarfjarðar.

#### Hlutverk og verkefni starfshópsins:

Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins.

Hlutverk starfnefndar er að m.a. á grundvelli þessara gagna móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir.

Til grundvallar þessarar vinnu starfshópsins skal höfð hliðsjón af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulag „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“ og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka við af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018, Skipulagsmörk hafa ekki verið ákveðin. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bættar almenningssamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæði.

*Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku*

### **Skipaðir verða 5 aðilar í starfshópinn**

2 frá meirihluta

1 frá minnihluta

1 fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

1 fulltrúi fyrirtækja

1 fulltrúi íbúa

### **Hámarksstarfstími starfshópsins og hámarksfjöldi funda sem greitt er fyrir**

Gert er ráð fyrir 6 fundum starfshópsins og kostnað um kr. 900.000. Starfshópnum er óheimilt að stofna til fjárhagslegrar skuldbindinga. Stefnt skal að vinnu starfshópsins verði lokið um miðjan júní 2019.

### **Með hópnum starfa:**

Helga Stefánsdóttir forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 14. mars 2019

*Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal sambætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku*